



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning á landspilduni
Vesturhlíð í landi Hlíðar í
Grímsnes og Grafningshrepp*

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Október 2024

NV nr. 21-24

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Október 2024
Skýrsla nr: NV nr. 21-24	Verknúmer:	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:4	Verkstig:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra snjóflóðavarna í Hnífsdal		Unnið fyrir: Framkvæmdasýsla Ríkisins
Höfundur:		Verkefnastjóri: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
ÚTDRÁTTUR FORNLEIFASKRÁNING VAR GERÐ Á JARÐSPILDUNI VESTURHLÍÐ Í LANDI JARÐARINAR HLÍÐAR Í GRÍMSNES OG GRAFNINGS HREPPI.		
Undirskrift verkefnastjóra: MHH		Yfirfarið af:

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	4
2. AÐFERÐAFRÆÐI.....	4
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga.....	4
2.2 Skráning fornleifa	5
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	5
3.1 Saga Hlíð.....	5
4. NIÐURSTÖÐUR	7
5. HEIMILDASKRÁ.....	8
6. KORT	10

1. INNGANGUR

Að beiðni Helga Þórs Þorsteinssonar forsvarsmanns félagsins Vesturhlíðarbyggðar ehf. Gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu á 92 hektara landspildu sem áður tilheyrði jörðunum Hlíð og Úlfljótuvatns, en að stæðustum hluta Hlíðar. Landnúmer jarðarpartsins sem kölluð er Vesturhlíð er F2257511. Unnið er að skipulagvinnu á svæðinu.

Fornleifaskráning fór fram dagana 30-31 Október 2024 og var gerð af Margréti Hallmundsdóttir forleifafræðingi sem jafnframt sá um skýrsluskrif.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hafði áður verið skráð að hluta og var stuðst við þá skráningu.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29 júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin í skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16.gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. Grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast til hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar

hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaraðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort

verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24.gr.)

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3362 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3362-001.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Svæðið sem um ræðir hefur tilheyrt að mestu jörðinni Hlíð en efsti hluti þess tilheyrði áður jörðinni Úlfjótuvatni. Framkvæmdasvæðið er 96 hektarar. Svæðið er lág heiði og austan við hana er fjallið Bíldsfell og neðan þess jörð sem ber sama nafn. Svæðið er lynggróið að mestu en þó eru uppblásturs rof á nokkrum stöðum en birkigróður þar sem svæðið er lægra nærri

veginum. Háspennulína liggur á svæðinu rétt við útmörk þess til austur og línuvegur neðan við línuna. Náma er nyrst á svæðinu við veginn.



Mynd 1, séð yfir framkvæmdasvæðið tekið í suður. Ljósmynd. Verkkaupi



Mynd 2. Framkvæmdasvæðið tekið í Norður. Ljósmynd Verkkaupi

3.1 Saga Hlíð

Úlfljótsvatn og nágrenni hefur langa sögu sem nær aftur til miðalda. Um 1395 var Úlfljótsvatn metið sem 16 hundraða jörð sem komst undir eign Viðeyjarklausturs í tíð Páls ábóta á árunum 1380-1395.¹ Árið 1524 seldi Helgi ábóti í Viðey jörðina Úlfljótsvatn með Hlíð, sem samanlagt var metin 20 hundruð, til Arnbjargar Sturludóttur fyrir samtals 64 hundruð í jarðeignum.² Síðar, árið 1567, hafði Steinunn Sighvatsdóttir gefið dóttur sinni Önnu Guðmundardóttur 10 hundruð í Úlfljótsvatni, en Steinunn hafði sjálf erft 20 hundruð í Úlfljótsvatni og 10 hundruð í Hlíð. Gjöfin þótti þó ólögleg og var því dæmd ógild.³

Árið 1627 var Hlíð seld fyrir 15 hundruð,⁴ og síðar, árið 1743, seldi séra Vigfús Jóhannesson jörðina Hlíð, metna á 10 hundruð, til Helgu Sigurðardóttur fyrir 60 ríkisdali í peningum og 20 ríkisdali í krónum.⁵ Nokkrum árum seinna, árið 1755, lýsti Jóhann Vigfússon hins vegar yfir vilja til að endurheimta Hlíð með því að greiða lausnargjald til að halda henni í ættaróðali sínu.⁶

Í jarðabók Árna og Páls er jörðinni lýst að jörðin sé eign barna prófastsins að Laugadælum en ábúandi er Jón Guðmundsson. Leigu kúgildi eru fimm en höfðu verið minnkuð frá sex fyrir bón ábúanda. Leiga greiðist í smjöri heim að Laugadælum. Kvaðir eru mannslán á vertíð annað hvort í Hafnarfjörð eða Þorlákshöfn. Skógur var nægur en er lítill nú. Getið er um hjáleigur sem hefur verið í eyði um nokkra áratugi en ekkert nafn á henni.⁷

Árið 1847 var bænum lýst þannig að hann stæði í miðju túni, mót suðaustri, undir samnefndu fjalli sem nær suður frá Háafelli að Geithamragili.⁸ Þá hafði túnið árið 1918 náð yfir 5,84 hektara, auk þess sem garðar þess voru 746 fermetrar. Lýsing frá árinu 1839 lýsir jörðinni

¹ Diplomatarium Islandicum III:598

² Diplomatarium Islandicum IX:247-248

³ Diplomatarium Islandicum XV:9-10

⁴ Alþingisbækur Íslands IV:218

⁵ Alþingisbækur Íslands XIII: 175.

⁶ Alþingisbækur Íslands XIV,:195

⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín:385

⁸ Sunnlenskar byggðir III:275

"með líkum kostum og ókostum" og Litlahálsi þar sem "heyskapur er hægur, en vetrarþungt og snjósælt."⁹

Landið sem jörðin náði yfir var um 900 hektarar, aðallega þurrlendis heiðarmóar með litlum mýrarblettum og mýrarsundi sem nefnist Dælar. Í suðausturhlíðum voru gróðurvinjar sem voru nýttar til sláttar fyrr á tíð. Í góðum árum voru ber víða í brekkum sem sneru móti suðaustri, og einnig mátti finna skógarkjarr í Háafelli og við hamarinn suður undir Geithamragili. Þótt lítið væri af mýrlendi voru þó til staðar móarkílfur. Erfitt var þó að afla heyja, og þurfti oft að leita allt vestur í Hlíðardal til að slá fyrir veturinn.¹⁰

⁹ Sýslu- og sóknarlýsingar:182

¹⁰ Sunnlenskar byggðir III:275

4. NIÐURSTÖÐUR

Heiðin sem er rannsóknarsvæðið var gengin dagana 30-31 október og engar minjar fundust við vettvangsrannsókn á svæðinu. Heimild er um rétt í Hellisgili en það er utan svæðis.

Framkvæmdir á svæðinu stofna því engum fornminjum í hættu.

Þess ber að geta að ekki sjást allar fornleifar á yfirborði. Finnist fornleifar við framkvæmdir ber að stöðva þær og hafa samband við Minjastofnun Íslands.

5. HEIMILDASKRÁ

Alþingisbækur Íslands I-XVII, Rv. 1912-1990.

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Diplomatarium Islandicum [Íslenzkt fornbréfasafn. Hér eftir D.I.], sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn, I.-XV. bindi , Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1857-1950.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* II. bindi. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn.

Kristian Kaalund: Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island I-II, Kbh 1877-82.

Sunnlenskar byggðir. III. bindi. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands. [án útgáfust.]

Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfuna. Sögufélag, Reykjavík.

Örnefnaskrá Hlíðar eftir Guðmund Kolveinsson. Örnefnastofnun: Sturlunga saga, Rv. 1988.

Fornleifaskráning á landspilduni Vesturhlíð í landi Hlíðar í Grímsnes og Grafningshrepp

MHH

NV nr. 21-24